

Verkmenntaskólinn á Akureyri

VMA

Erlent samstarf árið 2018

Skýrsla um alþjóðlegt samstarf VMA árið 2018

Mars 2019
Hildur Friðriksdóttir tók saman

1. Almennt um erlent samstarf

Skólinn leitast við að vera í samstarfi við skóla og skyldar stofnanir erlendis. Á þeim vettvangi standa skólanum til boða ýmsir kostir sem grundvallaðir eru með styrkjum, ýmist frá Nordplus eða Erasmus. Í þessu sambandi gæti verið um hvort heldur að ræða nemendaskipti milli landa eða skipti á kennurum og öðru starfsfólki, bæði hópum og á einstaklingsgrundvelli.

Gert er ráð fyrir að skólinn hafi frumkvæði að verkefnum sem koma sér vel fyrir nemendur hans og skólann í heild. Þau henti honum að stærð og umfangi auk þess sem lögð sé áhersla á að styrkir þeir, sem ofangreindir aðilar veita, nægi að sem flestu leyti til að mæta fyrirsjáanlegum kostnaði.

Árið 2018 var VMA þátttakandi í sex erlendum samstarfsverkefnum; fjórum sem styrkt eru af Erasmus og tveimur sem eru styrkt af Nordplus. Haustið 2017 fékk skólinn úthlutað styrkjum frá Erasmus til þess að senda fjóra starfsmenn í heimsókn í eina viku, fjóra nema til styttri dvalar í vinnustaðapjálfun og fjóra nema til lengra dvalar í vinnustaðapjálfun. Þessir styrkir voru allir eyrnamerkir starfsnámi en þeir gilda fram til 31. ágúst 2019. Í lok árs 2018 fékk skólinn endurúthlutað fleiri styrkjum til úthlutunar á vorönn 2019. Þetta voru sex styrkir til að senda nema til lengri dvalar, sex fyrir nema í styttri dvöl og sjö styrkir fyrir starfsmenn til að fara í skóla- og/eða vinnustaðaheimsóknir. Haustið 2018 fékk VMA einnig úthlutað tveimur styrkjum ætlaðir til lengri dvalar nema í vinnustaðapjálfun, fjórum ætlaðir í styttri dvöl nema í vinnustaðapjálfun og fjórum styrkjum til starfsmanna. Þessir styrkir voru allir eyrnamerkir starfsnámi og gilda fram til 31. ágúst 2020.

Skólinn fær auk þess á ári hverju fjölmargar heimsóknir frá erlendum skólum og stofnunum sem margir hverjir eru falast eftir ýmis konar samstarfi við skólann.

2. Verkefni sem styrkt eru af Erasmus

Á árinu 2018 var VMA þátttakandi í fjórum erlendum samstarfsverkefnum sem styrkt voru af Erasmus. Haustið 2017 fékk skólinn einnig úthlutað svokölluðum Mobility styrkjum frá Erasmus til þess að senda fjóra starfsmenn í heimsókn í eina viku (alls 28 dagar), fjóra nema til styttri dvalar í vinnustaðapjálfun (alls 70 dagar) og fjóra nema til lengra dvalar í vinnustaðapjálfun (alls 184 dagar). Haustið 2018 fékk VMA einnig úthlutað tveimur styrkjum ætlaðir til lengri dvalar nema í vinnustaðapjálfun, fjórum ætlaðir í styttri dvöl nema og fjórum styrkjum fyrir skóla- og/eða vinnustaðaheimsóknir starfsmanna. Þessir styrkir voru allir eyrnamerkir starfsnámi.

2.1 AppMentor

Þetta samstarfsverkefni er að sumu leyti beint framhald af WorkMentor og WorkQual sem VMA var einnig þátttakandi að. Markmiðið með AppMentor er að koma umsjón með vinnustaðanámi og samskiptum í tengslum við vinnustaðanám á tölvutækt form. Þá verður einnig lögð áhersla á að kanna hvort og þá með hvaða hætti sé hægt að nýta hina ýmsu samfélagsmiðla og eða öpp í tengslum við vinnustaðanám.

Samstarfsaðilar að þessu verkefni eru Axxell Utbildning í Finnlandi sem jafnframt heldur utan um verkefni, Charlottenlund skólinn í Þrándheimi í Noregi, Nantes Terre Atlantique - Jules Rieffel skólinn í Nantes Frakklandi, Het Idee ráðgjafar frá Hollandi, Broadshoulders ráðgjafar frá Hereford Englandi og Education and Mobility í Bilbao á Spáni.

Helstu þátttakendur úr VMA voru Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir og Harpa Birgisdóttir. Verkefnið hófst árið 2016 en því lauk haustið 2018.

2.2 InnoVET - Innovative VET devices in rural areas

Markmið verkefnisins InnoVET er að skoða hvaða hlutverki starfsnám og starfsnámskerfi koma inn í umræðu og stefnumörkun um byggð í dreifbýli. Lögð verður áhersla á að þróa aðgerðir sem hægt er að beita til að til að styrkja dreifbýl svæði og skoða sérstaklega í því samhengi þátt starfsmennta- og starfsþjálfunarkerfa í þróun dreifbýlla svæða.

Samstarfsaðilar að verkefninu eru MFR - Les Maisons Familiales Rurales sem rekur starfsþjálfunarkerfi í dreifðum byggðum í Frakklandi, IFOCAP sem eru samtök sem sjá um að veita bændum og öðrum úr dreifðum byggðum Frakklands leiðtogaþjálfun, Sol et Civilisation sem veitir ráðgjöf um byggðamál, MFR á Reunion eyju sem er frönsk nýlenda í Indlandshafi, OFFA í Belgíu sem er nýleg stofnun sem vinnur að því að samræma starfsnámskerfi í Valloníu, Vivasol frá Litháen sem eru lítil samtök smáframleiðenda sem selja eigin afurðir og GAL Napoca sem eru samtök í Transylvaníu í Rúmeníu sem hafa það hlutverk að veita verkefnastyrki.

VMA hefur sent þrjá fulltrúa á þá fundi sem hafa verið haldnir fram að þessu; þau Hildi Friðriksdóttur, Jóhannes Árnason og Ómar Kristinsson. Verkefnið hófst haustið 2017. Búið er að funda fimm sinnum í tengslum við verkefnið, en ráðgert er að funda í tvö skipti í viðbót áður en verkefninu lýkur formlega sumarið 2019. Í byrjun mars árið 2018 var haldinn fundur hér á Akureyri. Að þeim fundi komu Akureyrarstofa, AFE og RHA þar sem hinar ýmsar áskoranir atvinnulífs á svæðinu voru rædd og með hvaða hætti VMA gæti komið að þróun atvinnulífs á svæðinu með framboði sínu á starfsnámi.

2.3 “Win-Win”

Verkefnið er norrænt Erasmus verkefni en það er framhaldsskólinn í Oppdal í Noregi sem sækir um verkefnið. Samstarfsaðilarnir eru þrír; VMA, Oppdal og Fjerritslev sem er skóli í bæ rétt hjá Álaborg í Danmörku. Skólarnir hafa síðan allir einn samstarfsaðila í verkefninu. Í Noregi er það knattspyrnufélagið í Oppdal, í Danmörku er það Feriecenter Sletterstrand og hér er það KA.

Markmið verkefnisins er að bæta lýðheilsu í nærumhverfinu með auknu samstarfi milli lýðheilsu- og eða íþróttabrautir skólanna og annara aðila í nærsamfélaginu. Verkefnið gengur út á að fara með nemendahópa í heimsóknir til að upplifa mismunandi aðstæður til hreyfingar og íþróttaiðkunnar.

Áætlað er að fara með 6 - 10 nemendur frá hverjum skóla tvisvar sinnum í heimsókn í hina tvo skólana. VMA er nú þegar búinn að fara með nemendur einu sinni til Noregs og Danmerkur og VMA hefur að sama skapi tekið á móti einum nemendahópi frá samstarfsskólunum. Íþróttafélagið KA kemur einnig að verkefninu þar sem þeir nemendur sem koma í heimsókn hingað fá að fylgjast með og spreyta sig á þjálfun í yngri flokka starfi félagsins. Í verkefninu er notast við eTwinning sem er verkfæri til fyrir samvinnu og samskipti milli skóla, félaga og einstaklinga. VMA er því orðinn einn af eTwinning skólum á Íslandi.

Jóhann Gunnar Jóhannsson og Ólafur Björnsson taka þátt í verkefninu fyrir hönd íþróttabrautar og Siguróli Magni Sigurðsson fyrir hönd KA. Verkefninu lýkur haustið 2020.

2.4 VET@work

Þetta verkefni er að sumu leyti beint framhald af WorkMentor og AppMentor sem VMA var einnig þátttakandi að. Helsta markmið verkefnisins er að þróa rafræna handbók sem inniheldur leiðbeiningar um með hvaða hætti sé best að standa að samstarfi milli skóla og vinnustaða þegar kemur að þjálfun verknámsnema. Þátttakendur í verkefni koma bæði frá menntakerfinu og atvinnulífinu. Samstarfsaðilir VMA í verkefninu eru Het Idee og Stichting Welzijn Lelystad frá Hollandi, Axxell Utbildning AB og Raseborgs stad frá Finnlandi, Nantes Terre Atlantique frá Frakklandi, Broadshoulders Ltd frá Bretlandi og Hársnyrtistofan Medulla.

Helstu þátttakendur úr VMA eru Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir og Harpa Birgisdóttir. Verkefnið hófst árið 2018 en því lýkur haustið 2021.

2.5 Nám og þjálfun í útlöndum

VMA hefur á undanförunum árum verið að senda nemendur og starfsmenn til dvalar erlendis. Starfsmenn fara oft í þeim erindum að skoða möguleika á að senda nemendur eða til að fylgja nemendum. Nemendur geta fengið styrki til að vera í vinnustaðanámi eða hugsanlega í skólanámi í tvær vikur eða lengur.

Við höfum sent inn umsókn í Erasmus plus þar sem sótt er um styrki til náms eða starfsþjálfunar erlendis eða svokallaða Mobility styrki. Þessi umsókn hefur verið eyrnamerkt starfsnámi í viðum skilningi.

Það sem VMA fékk úthlutað (með endurúthlutun í lok árs 2018) fyrir skólaárin 2017 - 2019 í flokki Mobility er eftirfarandi:

- Ellefu styrkir til starfsmannaferða. Miðað er við að hver ferð sé 5-6 dagar en þessar heimsóknir gætu þó verið mislangar. Alls fékk VMA úthlutað styrk fyrir 57 dögum í starfsmannaferðir.
- Tíu styrkir fyrir styttri dvöl nema. Styttri dvöl miðast við að hún sé skemur en einn mánuð. Alls fékk VMA úthlutað styrk fyrir 175 daga dvöl nema. Þessi styrkur var meðal annars hugsaður fyrir sjúkraliðanema í þrjár vikur og hugsanlega nema í grunnnámi matvælagreina í tvær vikur hver. Ekki fæst styrkur fyrir styttri ferðir en 2 vikur.
- Tíu styrkir fyrir lengri dvöl nema sem varir lengur en einn mánuð. Alls fékk VMA úthlutað styrk fyrir 460 daga. Hér var horft til þess að reyna að koma því á að nemendur á samningi gætu fengið styrk til að vera 1 - 2 mánuði í þjálfun erlendis.

Við lok árs 2018 var búið að ráðstafa tveimur nemendastyrkjum í styttri dvöl, þremur nemendastyrkjum í lengri dvöl og sex starfsmannastyrkjum. Nemendastyrkirnir fyrir styttri dvöl voru nýttir til þess að senda tvo sjúkraliðanema í byrjun árs 2018 í þriggja vikna vinnustaðanám til Randers í Danmörku.

Nemendastyrkirnir fyrir lengri dvöl voru nýttir til þess að senda tvo nema af hársnyrtiiðn í sex vikna starfsþjálfun á hárgreiðslustofur í Þrándheimi í Noregi og einn nema af matvælabraut í sjö vikna dvöl til Marseille í Frakklandi, en sú dvöl var metin sem hluti af námssamningi nemans.

Starfsmannastyrkirnir voru nýttir til þess að senda tvo kennara af sjúkraliðabraut, þær Maríu Albínu Tryggvadóttur og Ingu Björgu Ólafsdóttur, til SOSU Randers skólans í byrjun árs. Tilgangur ferðarinnar var að fylgja sjúkraliðanemunum sem fóru þangað í vinnustaðanám. Ferðin var einnig nýtt til þess að heimsækja SOSU skólann og vinnustaði nemanna þar sem farið var yfir þau hæfniviðmið sem stuðst er við í

vinnustaðanáminu og ýmis atriði rædd í tengslum við tilhögun vinnustaðanáms sem sótt er utan landssteinanna í gegnum Erasmus+. Í byrjun september fóru tveir kennarar af hársnyrtiðn, þær Harpa Birgisdóttir og Hildur Salína Ævarsdóttir, til Þrándheims í þeim tilgangi að heimsækja hársnyrtistofur og kanna grundvöll fyrir samstarfsmöguleikum þar sem áhugi er fyrir því að auka möguleika nema af hársnyrtiðn í VMA til þess að taka hluta sinnar starfsþjálfunar á stofum í Þrándheimi. Hildur Salína nýtti svo sömu ferð til að kynna sér umhverfisvæna hársnyrtingu í Osló. Hildur heimsótti hársnyrtikeðjuna Floke sem rekur 11 umhverfisvænar hársnyrtistofur víðsvegar um Noreg. Í nóvember var svo einn starfsmannastyrkur nýttur til þess að senda Baldvin Ringsted, sviðstjóra verknáms til Danmerkur, en þangað fór hann ásamt starfsfólki úr Borgarholtsskóla í þeim tilgangi að fá hugmyndir við mótun nýrrar námskrár í bílgreinum.

Við lok árs 2018 var tuttugu styrkjum af styrkúthlutuninni frá árinu 2017 óráðstafað; fjórum starfsmannastyrkjum og fimmtán nemendastyrkjum. Auk þess fékk VMA úthlutað 10 styrkjum vorið 2018 sem hægt er að nýta fram í ágúst 2020; tveimur styrkjum sem ætlaðir er til lengri dvalar nema, fjórum styrkjum fyrir styttri dvöl nema og fjórum starfsmannastyrkjum. Ýmsar hugmyndir hafa komið upp varðandi ráðstöfun á starfsmannastyrkjunum. Ein hugmyndin snýr að því að senda kennara og verkefnastjóra erlendra samskipta til Spánar til þess að kanna mögulegt samstarf sjúkraliðabrautarinnar við IES Manuel Gutiérrez Aragón skólann. Varðandi styrkina til nema þá var þremur styrkjum ráðstafað til styttri dvalar í upphafi árs 2019 til nema af sjúkraliðabraut. Þá er einnig ráðgert að senda tvo nema í lengri dvöl í sumar; annars vegar af matvælabraut og hins vegar nema af rafiðn. Eins hefur hársnyrtibrautin sýnt því áhuga að senda fleiri nema í lengri dvöl á árinu 2019.

Undanfarin ár hefur gengið fremur erfiðlega að úthluta nemendastyrkjum þar sem þeir virðast almennt vera tregir til þess að nýta sér þann möguleika að taka hluta af sínu vinnustaðanámi erlendis. Til að bregðast við því ákvað verkefnastjóri að setja sig í samband við fagstjóra iðn- og tæknibrauta og óska eftir því að fá að koma inn í tíma á öllum brautum til þess að kynna þennan möguleika fyrir nemendum. Það virðist hafa borið árangur því strax í kjölfarið barst þó nokkuð af umsóknum frá nemendum sem óskuðu eftir því að komast í lengri dvöl. Það undirstrikar mikilvægi þess að verkefnastjóri sé sýnilegur gagnvart nemum á þessum brautum og sé jafnframt duglegur að kynna nemana fyrir möguleikum þeirra á vinnustaðanámi erlendis.

3. Verkefni sem styrkt eru af Nordplus

Árið 2018 var VMA þátttakandi að tveimur erlendum samstarfsverkefnum sem voru styrkt af Nordplus. Öðru verkefninu lauk formlega haustið 2018 og tók þá annað nýtt tveggja ára verkefni við strax í kjölfarið.

3.1 Nordisk samtids- og kriminallitteratur - et sprak og leseprosjekt

Verkefnið er norrænt samstarfsverkefni en helstu markmið þess eru að auka þekkingu og kunnáttu á norrænni tungu og menningu meðal nemenda og kennara þátttakenda. Markmiðum verður náð með því að láta nemendur lesa og vinna verkefni úr norrænum glæpasögum, en glæpasögur gefa innsýn í norræna menningu samtímans á aðgengilegan hátt. Að sama skapi verður lögð áhersla á að þróa nýjar aðferðir til að kynna sér norræn tungumál þar sem nemendur gera samanburð á textum frá Norðurlöndunum og hlusta á upptökur af tali nemenda frá hinum þáttökulöndunum.

Samstarfsaðilar að verkefninu eru Hadeland videregående skole í Osló, Katrinelundsgymnasiet í Gautaborg, Köpenhamns KVUC sem er miðstöð fyrir fullorðinsfræðslu, Norræna félagið í Noregi, bókasafnið í Gran Kommune í Noregi, Háskólinn í Áarhus og Háskólinn í Gautaborg.

Annette de Vink, Kristín Árnadóttir, Snorri Björnsson og Þorbjörg Dóra Gunnarsdóttir tóku þátt í verkefninu sem fulltrúar norrænna tungumála í VMA. Verkefnið hófst 2015 en því lauk haustið 2018.

3.2 Vikingernes fremmarch i land og sprog

Verkefnið er tveggja ára tungumála- og lestrarverkefni (Nordplus Nordic Language) á milli fjögurra samstarfsskóla á Íslandi, Danmörku, Svíþjóð og Noregi. Markmið verkefnisins er að auka þekkingu og skilning nemenda á tungumálum Norðurlandanna, sögu, menningu og samfélag. Þá er einnig markmið verkefnisins að þróa kennsluefni sem hægt er að nota við kennslu á norrænum tungumálum og norrænni tungumálasögu.

Hlutverk þátttakenda í verkefninu er að byggja upp net, þróa kennsluefni og kennsluáætlanir. Tveir kennarar frá hverjum skóla munu kenna eina viku í senn í einum samstarfsskólanna hvort árið um sig.

Annette de Vink, Snorri Björnsson og Sigríður Albertsdóttir hafa verið fulltrúar VMA í þessu verkefni.

4. Móttaka á erlendum nemum sem koma til Akureyrar í starfsþjálfun

VMA hefur um árabil tekið á móti nemum frá erlendum samstarfsskólum sem hafa óskað eftir því að koma hingað til Akureyrar í vinnustaðþjálfun. Í þeim tilfellum hefur skólinn haft milligöngu um að finna vinnustaði við hæfi og séð um að útvega nemum húsnæði og annars konar stuðning eftir þörfum. Á árinu 2018 sá VMA um móttöku á þrettán erlendum nemum frá fjórum samstarfsaðilum skólans.

4.1 Nemar frá August Sander Schule

August Sander Schule í Berlín sendi þrjá nema hingað á tímabilinu 16. apríl - 18. maí. Allir nemarnir fóru í vinnustaðþjálfun á leikskólum, tveir á Pálmholt og einn á Kiðagil. Jeanette Reppe sem sér um alþjóðlega samskipti í skólanum fylgdi þeim fyrstu tvo dagana.

Skólinn sendi svo aftur þrjá nema á tímabilinu 12. nóvember - 11. desember og fóru þeir í vinnustaðþjálfun á leikskólunum Iðavelli, Hulduheima og Kiðagil. Að þessu sinni fylgdi enskukennari þeim sem heimsótti VMA í þrjá daga.

4.2 Nemar frá SOSU Randers

Einn nemi komu frá SOSU Randers á árinu 2018. Neminn fór í vinnustaðþjálfun á leikskólanum Kiðagil og var hér tímabilið 15. janúar - 16. febrúar.

4.3 Nemar frá Salpaus

Á árinu 2018 komu tveir nemar frá Salpaus til Akureyrar. Annar neminn var af matvælabraut og fór í sjö vikna vinnustaðþjálfun á veitingastaðnum Strikið á tímabilinu 3. mars til 27. apríl. Hinn neminn, sem var af ferðamálabraut, fór í þriggja vikna vinnustaðþjálfun hjá hvalaskoðunarfyrirtækinu Elding á tímabilinu 2. apríl til 30. apríl.

4.4 Nemar frá EUC Lillebælt

Danski iðn- og tækniskólinn EUC Lillebælt sendi hingað fjóra nema í vinnustaðþjálfun á árinu 2018, tvo trésmíðanema og tvo málmsmíðanema. Trésmíðanemarnir fóru í vinnustaðþjálfun hjá ÁK-smíði og málmsmíðanemarnir fóru í þjálfun hjá Hamar. Þeir voru hér á tímabilinu 23. apríl - 6. maí. Nemarnir tóku einnig þátt í tímum í VMA með öðrum nemendum skólans á trésmíða- og málmsmíðabraut fyrstu tvo dagana í heimsókninni.

5. Heimsóknir í skólann frá erlendum aðilum

Verkmenntaskólinn fær á hverju ári fjölmargar heimsóknir frá erlendum aðilum. Flestar heimsóknirnar eru frá aðilum sem hafa áhuga á einhvers konar samstarfi við skólann og koma hingað til þess að kynna sér aðstæður og umgjörð skólans. Þá fær skólinn einnig margar heimsóknir frá virkum samstarfsaðilum sem koma hingað í þeim tilgangi að styrkja samstarfið og/eða til þess að fylgja nemum sínum eftir sem þeir senda hingað í vinnustaðanam. Á árinu 2018 fékk skólinn fimm heimsóknir frá erlendum skólum eða stofnunum.

5.1 Heimsókn frá samstarfsaðilum skólans í InnoVET

Dagana 8.-10. mars fór fram þriðji fundurinn í verkefninu InnoVET hér í VMA. . Samstarfsaðilar VMA í verkefninu eru MFR - Les Maisons Familiales Rurales sem rekur starfsnámskóla í dreifðum byggðum í Frakklandi, IFOCAP sem eru samtök sem sjá um að veita bændum og öðrum úr dreifðum byggðum Frakklands leiðtogaþjálfun, Sol et Civilisation sem veitir ráðgjöf um byggðamál, MFR á Reunion eyju sem er frönsk nýlenda í Indlandshafi, OFFA í Belgíu sem er nýleg stofnun sem vinnur að því að samræma starfsnámskerfi í Valloníu, Vivasol frá Litháen sem eru lítil samtök smáframleiðenda sem selja eigin afurðir og GAL Napoca sem eru samtök í Transylvaníu í Rúmeníu sem hafa það hlutverk að veita verkefnastyrki tilstyrktar dreifðum byggðum.

Heimsóknin var nýtt til þess að halda samráðsfund þar sem helstu markmið InnoVET- verkefnisins voru rædd. Þá voru Fjölsmiðjan, Menntaskólinn á Tröllaskaga og Símei heimsótt. Einng fór fram málstofa í VMA í tengslum við heimsóknina þar sem Akureyrarstofa, Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri og MS á Akureyri kynntu atvinnulíf á svæðinu og þær áskoranir sem svæðið stendur frammi fyrir í atvinnulegu tilliti.

5.2 Heimsókn frá Hadeland videregående skole

Dagana 12. - 14. mars fékk skólinn heimsókn frá tveimur norskum kennurum, þeim Reidun Hvattum og Marit Kleppe Egge frá Hadeland videregående skole. Heimsóknin var í tengslum við norræna tungumála og lestrarverkefnið „Norrænar nútíma- og glæpasagnabókmenntir“. Þær Reidun og Marit fengu leiðsögn um skólann og tóku þátt í kennslustundum í íslensku, dönsku og kynjafræði þar sem þær voru með innlegg um Noreg, um norska skólakerfið og norska unglinga. Þær sóttu einnig fyrirlestur um IT-technik sem boðið var upp í tengslum við þemavikuna um fjórðu iðnbyltinguna.

5.3 Heimsókn frá Oppdal

Vikuna 9. - 13. apríl fékk VMA heimsókn frá hópi nemenda, kennara og íþróttþjálfara frá skólanum í Oppdal í Noregi. Heimsóknin var í tengslum við Erasmus verkefnið „Vin-Vin“ en markmiðið með því verkefni er að bæta lýðheilsu með auknu samstarfi milli lýðheilsu- og/eða íþróttabrauta skólanna og annara aðila í nærsamfélaginu. Liður í því er að fara með nemendahópa í heimsóknir milli landanna í því skyni að nemendur fái að kynnast mismunandi aðstæðum til hreyfingar og iðkunar íþróttar. Áherslan í verkefninu í skólunum í Noregi og Danmörku er á útivist og útiveru en hér á Akureyri er þemað knattspyrna og um hana er VMA í samstarfi við KA.

Frá Oppdal videregående skole komu ellefu nemendur til Akureyrar auk tveggja kennara/þjálfara við skólann og skólustjóra skólans og einnig voru í hópnum tveir þjálfarar frá íþróttafélaginu í Oppdal. Í þessum skóla í Noregi geta nemendur stundað nám á íþróttabraut og þar er mesta áherslan á alpagreinar skíðaíþróttar en einnig knattspyrnu og útiveru almennt. Nemendurnir frá Oppdal sem komu til Akureyrar hafa valið knattspyrnu í námi sínu og áherslan í heimsókninni var því á knattspyrnu. Nemendur og þjálfarar fóru á æfingar í 2. flokki kk hjá KA og á æfingar hjá Þór/KA.

5.4 Heimsókn frá EUC Lillebælt

Dagana 23. - 24. apríl fékk VMA heimsókn frá danska iðn- og tækniskólanum EUC Lillebælt í Frederica. Hingað komu tveir nemendur af málmiðngreinadeild og tveir nemendur og einn kennari af byggingadeild skólans. Fyrri daginn fengu þeir leiðsögn um VMA og kíktu svo í heimsókn inn á málmiðngreinadeild og byggingadeild skólans. Seinni daginn tóku þeir Malte og Anders þátt í tímum með nemendum VMA inni á málmiðngreinadeild og Simon og Mike tóku þátt í tímum með nemendum af byggingadeild.

5.5 Heimsókn frá August-Sander Schule

Dagana 15. - 17. nóvember kom hingað Kathleen Schoknecht sem er enskukennari við August Sander Schuleg í Berlín. Auk þess að fylgja eftir nemum sem voru komnir hingað í vinnustaðþjálfun, þá heimsótti Kathleen VMA í þrjá daga þar sem hún fékk að fylgjast með í enskútímum hjá Önnu Berglindi og Kareni Malmquist.